

Umsögn um 188. mál, þingskjal 189 – frumvarp til stjórnskipunarlags um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (kosningaaldur).

Ungmennaráð Hafnarfjarðar styður fram komið frumvarp með heilum hug. Þá tekur ráðið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð þess, sérstaklega varðandi mikilvægi þess að samþykkt frumvarpsins þurfi að „fylgja eftir með markvissum og vel fjármögnuðum aðgerðum til að auka fræðslu á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni á öllum skólastigum, styðja við grasrótastarf ungmenna þar sem þau reyna að hafa áhrif á samfélagið á sínum eigin forsendum, og tryggja að nýir kjósendur fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum.“

Öflugt starf ungmennaráða um allt land sýnir að ungu fólki er fyllilega treystandi til að taka upplýstar ákvarðanir og láta gott af sér leiða fái það fræðslu, tól og tækifæri til þess. Ungmennaráð Hafnarfjarðar hvetur þingheim eindregið til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Bestu kveðjur,

Ungmennaráð Hafnarfjarðar,

Hafnarfirði, 15. mars 2021.